



Framkvæmda- fréttir 28. tbl. /04




Gangamunni að sunnanverðu.




Gangamunni að norðanverðu.



Útsýni úr gangamunna að sunnanverðu. Öraefajökull í vestri.



Unnið í stafni.



Síðasta sprenging í Almannaskarði

Pegar þetta tölublað fer í dreifingu verður síðasta sprengingu í Almannaskarði væntanlega lokið. Hún var áætluð föstudaginn 8. október.

Bygging vegskála að norðan er nú í gangi og er ein hluti steypur í hverri viku ásamt einni færni af undirstöðum. Einnig er unnið að vegagerð. Gert er ráð fyrir að verki verði að fullu lokið 15. júní 2005.

Myndirnar tók Björn A. Harðarson, GEOTEK.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 28. tbl. 12. árg. nr. 385 11. október 2004

Rittstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:
Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og
samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttæfni sem
verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka.
Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar.
Áskrift er endurgjaldslaus.

Viðhorfskannanir

Vegagerðin hefur nokkrum sinnum látið kanna viðhorf viðskiptavina sinna gagnvart afmörkuðum þáttum í starfsemi stofnunarinnar. Viðskiptavinir Vegagerðarinnar eru margskonar. Þeir geta verið hinn stóri hópur almennra vegfarenda og síðan smærri hópar svo sem flutningsaðilar og verktakar. Nýlega var athyglinni beint að þessum tveimur síðastnefndu markhópum. Ráðgjafafyrirtækið Lausnir ehf. var fengið til að gera tvær kannanir sem beindust að þessum aðilum og voru þær gerðar í júlí og ágúst. Kannanirnar voru gerðar símleiðis með viðtölum sem byggðust einkum á opnum spurningum. Þess var ávallt gætt í byrjun samtals að skýra viðmælendum frá því að könnunin væri gerð til þess að Vegagerðin gæti komið betur til móts við þarfir þessara hópa og bætt þjónustu sína við þá. Talað var við 25 aðila úr hvorum hópi og fjallaði könnunin um ímynd stofnunarinnar og hina ýmsu þætti starfseminnar.

Lausnir ehf. hefur nú skilað skýrslum um niðurstöður þessara kannana og hefur yfirstjórn Vegagerðarinnar ákveðið að birta þær í heild á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is, á pdf formi.

Í skýrslunum eru dregnar saman helstu niðurstöður hvað varðar hverja spurningu fyrir sig. Þessar niðurstöður eru settar fram á myndrænan hátt, með súlu- og skífuritum, en einnig fylgja fjölmargar athugasemdir og ummæli sem lýsa nánar viðhorfi þeirra sem svöruðu.

Í upphafi skýrslunnar er samantekt á niðurstöðum auk ábendinga frá skýrsluhöfundum, Júlíusi Valdimarssyni. Í lok samantektanna segist höfundur vonast til að skýrslurnar geti reynst hjálpleg tæki fyrir starfsmenn og stjórnendur Vegagerðarinnar til að treysta samband sitt við viðskiptavinina sína og bæta árangur í starfi. Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir eru mikilvægar en mestu máli skiptir þó hvað verður gert við þær.

Þessar samantektir eru birtar hér á eftir ásamt sýnishornum af spurningum.

Viðhorfskönnun hjá flutningsaðilum

Ímynd Vegagerðarinnar er nokkuð dreifð í hugum viðmælenda. Ímyndin mótast af jákvæðum samskiptum við Vegagerðina og þjónustu hennar við vegakerfið. Þá eru eftirlit og leyfisveitingar svo og vegakerfið og samgöngur yfirleitt einnig þáttur hennar. Einnig koma fram í ímyndinni neikvæðir þættir eins og slæmt vegakerfi, að það ríki hægagangur og að Vegagerðin sé kerfisbákn. Þegar spurt var um sterkar hliðar Vegagerðarinnar taldi meir en þriðjungur aðspurðra að þær lægju í samskiptunum og þjónustu stofnunarinnar almennt. Þá var fagleg þekking og traust einnig talið til sterkra þátta svo og þjónustan við vegakerfið. Rúmur fjórðungur aðspurðra kváðust ekki vita um sterkar hliðar hjá Vegagerðinni. Veikar hliðar voru einkum taldar felast í þjónustunni við vegakerfið, ástandi og viðhaldi veganna svo og í samskiptunum við Vegagerðina. Fimmtungur þeirra sem spurðir voru töldu sig ekki vita um veikar hliðar hjá Vegagerðinni. Þegar viðmælendur voru spurðir álíts á vegakerfinu á Íslandi svaraði fjórðungur að þeir væru ekki ánægðir með það, en flestir hinna kváðu sig vera þokkalega ánægða.


Meir en þrjú fjórðu aðspurðra lýstu ánægju eða mikilli ánægju með samskipti sín við umferðareftirlitsmenn Vegagerðarinnar. Þá voru tæpir þrjú fjórðu ánægðir með reynslu sína í sambandi við leyfisveitingar en fimmtungur aðspurðra töldu að þessum þætti væri ábótavant. Rúmur helmingur aðspurðra var ánægður með merkingar á vegum, en tæpur helmingur var þokkalega ánægður eða taldi að merkingum væri ábótavant. Þriðjungur viðmælenda var óánægður með

þjónustu Vegagerðarinnar á vegakerfinu. Sextíu prósent þeirra sem spurðir voru kváðust hafa kvartað yfir þjónustu eða samskiptum við Vegagerðina og fjórðungur þeirra var ekki ánægður með viðbrögð við kvörtunum.


Þegar spurt var um almenna símaþjónustu Vegagerðarinnar lýsti fimmtíu hluti aðspurðra óánægju með hana. Var einkum brugðið við að erfitt væri að ná í menn og samtengingu stöðva sem ylli því að erfitt væri að ná sambandi við rétt svæði. Þegar spurt var um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar lýstu langflestir aðspurðra ánægju eða mikilli ánægju með hana og gildi þá einu hvort um var að ræða heimasíðuna, textavarpíð eða þjónustusímann.

Almennt má segja að vel hafi tekist til að fá menn til að tjá sig um þá þætti sem spurt var um og er það vel. Í niðurstöðum


Hver er reynsla þín af þjónustu Vegagerðarinnar á vegakerfinu?



Hver er reynsla þín af merkingum á vegum?



Hver var reynsla þín af viðbrögðum við kvörtunum?



könnunarinnar er að finna margvíslegar ábendingar og ummæli sem draga fram styrkleika og veikleika í starfsemi Vegagerðarinnar. Þetta býður uppá áhugavert sóknarfæri hvað það varðar að færa sér styrkleikana í nyt og jafnframt bæta úr þeim misfellum sem flutningsaðilar kveða sig hafa reynslu af. Nokkuð bar á því að viðmælendur teldu að of lítið væri hlustað á þá sem eru að nota vegakerfið og bera athugasemdir um samskiptin við Vegagerðina vott um það.

Viðhorfskönnun hjá verktökum

Ímynd Vegagerðarinnar dreifist nokkuð í huga þeirra verktaka sem spurðir voru. Þar ber hæst vegirnir og vegakerfið og þjónustan við það, svo og vegagerð og framkvæmdir Vegagerðarinnar. Ímyndin litast nokkuð af neikvæðum og blendnum tilfinningum og því að þetta sé ríkisstofnun með einokunaraðstöðu. Styrk Vegagerðarinnar töldu verktakarnir einkum vera að hún væri góður verkkaupi og þjónustuaðili við vegina og að þetta væri stórt og gott fyrirtæki. Fjörutíu prósent aðspurðra kváðust hins vegar ekki vita um sterka hlið hjá Vegagerðinni. Þegar spurt var um veikar hliðar Vegagerðarinnar bar mest á því viðhorfi að stofnunin væri stöðnuð, þung og úrelt. Þá kom fram að það vantaði á um forgangsöröðun og skipulag og það gætti hlutdrægni og ríkisafskipta við afgreiðslu mála. Fimmtungur aðspurðra kváðust ekki vita um veika hlið hjá Vegagerðinni.


Yfirleitt lýstu viðmælendur ánægju eða mikilli ánægju með samskipti sín við starfsmenn Vegagerðarinnar í útboðsverkum. Um fjórðungur þeirra er þó aðeins þokkalega ánægður eða telur að samskiptunum sé ábótavant. Tveir þriðju aðspurðra eru ánægðir eða mjög ánægðir með útboðsgögn hjá Vegagerðinni, en þriðjungur er þokkalega ánægður eða telur að þeim sé ábótavant. Flestir lýsa góðri reynslu af samningsgerð af hendi Vegagerðarinnar, en tæpur tíundi hluti er ekki ánægður. Áttatíu prósent eru ánægðir eða mjög ánægðir með verkfundi á vegum Vegagerðarinnar en fimmtungur er ekki ánægður eða aðeins þokkalega ánægður. Tæpir tveir þriðju eru ánægðir eða mjög ánægðir með gæðakröfur og úttektir í sambandi við verkframkvæmdir en rúmur þriðjungur er þokkalega ánægður eða telur að þessum þætti sé ábótavant.

Þegar viðmælendur voru spurðir hvernig þeim þætti frammistaða Vegagerðarinnar í samanburði við aðra verkkaupa taldi tæpur helmingur þeirra að Vegagerðin stæði jafnfætis þeim og síðan skiptist jafnt fjöldi þeirra sem töldu Vegagerðina standa frammar og þeirra sem töldu að hún væri lakari en aðrir verkkaupar. Rúmur þriðjungur aðspurðra kváðust hafa kvartað yfir þjónustu eða samskiptum við Vegagerðina vegna útboða. Aðspurðir um reynslu þeirra af viðbrögðum Vegagerðarinnar við þessum kvörtunum lýstu tveir þriðju þeirra óánægju með viðbrögðin.


Þegar spurt var um hvort viðmælendur læsu fréttabréfið Framkvæmdafréttir kváðust allir lesa það og lýstu allir jafnframt mikilli ánægju eða ánægju með fréttabréfið. Langflestir lýstu einnig ánægju eða mikilli ánægju með heimasíðu Vegagerðarinnar.

Þeir verktakar sem talað var við tjáðu sig yfirleitt greiðlega um þá þætti sem könnunin beindist að. Í niðurstöðum hennar er að finna margvíslegar ábendingar og ummæli sem draga fram styrkleika og veikleika í starfsemi Vegagerðarinnar. Þetta býður uppá áhugavert sóknarfæri til þess að nýta sér styrkleikana og jafnframt lagfæra það sem miður fer. Viðmælendur leggja greinilega uppúr því að samskipti verði sem best milli aðila, hlustað sé á hvað þeir hafi fram að færa og að ekki gæti hlutdrægni við afgreiðslu mála.


Hvernig er reynsla þín af samskiptum við starfsmenn Vegagerðarinnar í útboðsverkum?



Hver er reynsla þín af Vegagerðinni í sambandi við útboðsgögn?



Hver var reynsla þín af viðbrögðum við kvörtunum?



Skýrslurnar eru birtar á vef Vegagerðarinnar, á PDF formi www.vegagerdin.is undir „útgefið efni“.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fræmst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaáæðar.
Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað	05
04-060 Landeyjavegur (252), Akureyjavegur - Grímsstaðavegur	05
02-015 Hringvegur (1) við Hellu	05
04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk	05
04-071 Auðsholtsvegur (340), Skeiðavegur - Syðra Langholt	04
04-072 Garðskagavegur (45) um Ósabatna	04
04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi	04
04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005	04
00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur - Víkurvegur	04
03-084 Hringvegur (1), Svínahraun - Hveradalabrekka	04
03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirlit	04
03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki	04
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
04-073 Hjáleið á Reyðarfirði, brú og vegur	11.10.04 08.11.04
04-068 Meðallandsvegur (204), Pykkvibær - Grenlækur	27.09.04 12.10.04
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
04-066 Jökuldalsvegur (923) um Mjósund og Þverá	30.08.04 14.09.04
04-070 Eyjafjarðarbraut eystri (829) um Möðruvelli	30.08.04 14.09.04
04-067 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka 1. áfangi, eftirlit	16.08.04 31.08.04
04-037 Vetrarþjónusta, Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur, 2004-2007	12.07.04 27.07.04
04-054 Vetrarþjónusta á Vesturlandi 2004-2008	14.06.04 29.06.04
04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik, verk II og III	10.05.04 25.05.04

Ráðstefna um rannsóknir Vegagerðarinnar

Þróunarsvið Vegagerðarinnar stendur fyrir ráðstefnu um rannsóknir þann 5. nóvember 2004, á Hótel Nordica (í ráðstefnusal á 1. hæð). Ráðstefnan fjallar að þessu sinni að mestu um rannsóknir sem fengu fjárveitingar úr rannsóknasjóði Vegagerðarinnar árið 2003. Nánari upplýsingar varðandi ráðstefnuna eru á heimasíðu Vegagerðarinnar (Vegagerðin > Rannsóknir og þróun > Ráðstefnur). Skráning fer fram á heimasíðunni og er þátttökugjald 9.500 kr. en fyrir nema 2.000 kr.

Auglýsingar útboða

Hjáleið á Reyðarfirði, brú og vegur 04-073

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð hjáleidar á Reyðarfirði. Um er að ræða gerð vegar á um 1 km löngum kafla um og utan við hafnarsvæðið á Reyðarfirði og byggingu 16 m eftirspenntrar bitabráur á Búðará.

Helstu magntölur eru:

Vegagerð	
Fylling	5.000 m ³
Skering	3.000 m ³
Ofanvatnsræsi	130 m
Neðra burðarlag	5.000 m ³
Efra burðarlag	1.600 m ³
Tvöföld klæðing	4.000 m ²
Malbik	2.300 m ²
Síulag	2.200 m ³
Grjótvörn	4.500 m ³
Vegrið	150 m
Frágangur fláa	4.000 m ²

Brúargerð	
Gröftur	500 m ³
Handrið	54 m
Mótafletir	612 m ²
Steypustyrktarjárn	16,1 tonn
Spennt jarnalögn	2,3 tonn
Steypa	250 m ³

Verki skal að fullu lokið 15. júní 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 (móttaka) í Reykjavík frá og með þriðjudeginum 12. október 2004. Verð útboðsgagna er kr. 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 2. nóvember 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Almannaskarð, gangamunni að norðanverðu.